

SÝNINGUM ÞEIRRA LÝKUR Á KJARVALSSTÖÐUM Í KVÖLD

„Síbreytileg stemmn-
ing í náttúru Eyjanna”

- Rabbað við Guðna Hermansen listmálara frá Vestmannaeyjum

HELGAR SIG
MÁLARALISTINN

„Ég málaði þessar myndir beinlínis fyrir þessa sýningu og það hafa farið þrjú ár í þessar 75 myndir. Það eru ekki margar myndir miðað við það að mest allur vinnutími minn hefur farið í það verk, en ég er ekkert að prenta myndir, ber virðingu fyrir málaralistinni, viðfangsefninu og vinnunni,” sagði Guðni Hermansen listmálari frá Vestmannaeyjum í spjalli við okkur, en Guðni kvaðst oft vera 3—4 mánuði að vinna mynd, þótt hann ynni eitt-hvað daglega við þær og upp í 8—10 tíma lotur í einu.

Guðni hefur málað meira og minna s.l. 15 ár og eingöngu helgað sig málaralistinni um árabil.

SÍBREYTILEG NÁTTÚRA
EYJANNA ER HVATINN

„Myndefnið kemur allt úr Eyjahrauninu og Vestmannaeyjum,” sagði Guðni, „allar hugmyndirnar eru komnar þaðan. Viðfangsefnið þar eru óþrjótandi og má benda á að margir kunnustu málarar þjóðarinnar hafa sótt fyrirmyndir í verkum sínum til Vestmannaeyja. Lengi skildi ég ekki hvers vegna svo fáir af meisturunum máluðu Helgafell, eins og það er fagurt og jafnframt einfalt í formi. Þegar ég fór hins vegar sjálfur að mála Helgafell, skildi ég

þetta, því þá komst ég að raun um að maður þarf að hafa búið lengi með Helgafelli til þess að ná hinum einfalda en sterka svip þess.


Það er gott að sækja fyrirmyndir í náttúru Vestmannaeyja, hið mikla og skjóta birtuspil himins, hafs og hamra, gerir Eyjarnar og stemmn-

inguna síbreytilega. Maður sér landslagið aldrei eins.

BIRTAN OG STEMMINGIN.

Sumir spyrja mig um ástæðuna fyrir sviptingum í litameðferð, en því er erflikt að svara. Þótt ég noti tals-

verðar andstæður í litum finnst mér ég fara mjög varlega með þá, mjúkt, en hins vegar fer breytileiki myndanna mikið eftir birtunni, stemmnungunni, tónlistinni. Billy Holliday býður t.d. upp á fallega mynd og ef Jón Múli gæti spilað fyrir mig Indiana með Oskar Petersson. Þá kæmi hörkumynd. Ég er búinn að bíða í 5 ár eftir þessu í útvarpinu hjá honum, en það bara kemur aldrei.



Guðni Hermansen

HELD MINU STRIKI

Að þessari sýningu lokinni hygg ég ekki á sýningu um sinn, þetta er svo dýrt fyrirtæki. Ég vanda þetta eins og frekast er unnt af minni hálfu, nota vönduðustu ramma sem völ er á og mér þykir fara vel við myndirnar, mála þær reyndar í

römmunum og allt kallar þetta á mikinn kostnað. Ég mun hins vegar halda mínu striki áfram heima eins og ég er vanur, annað er ekki hægt, ekki mögulegt hvað sem hver segir.”

„Án fordóma og með húnor verða myndirnar reglulega fallegar”

—Rætt við Magnús Kjartansson listmálara í Reykjavík

AÐ FÁ „TAPPA”
Í MÁLVERKINU

„Þessar myndir eru gerðar á s.l. 3 árum, mest allt klippimyndir, þótt allt hafi farið í rugling og hár saman hvað það orð snertir. Síðast þegar ég sýndi hér á Kjarvalsstöðum 73 með 5 öðrum ungum listamönnum, sýndi ég málverk, en skömmu síðar fór ég til Kaupmannahafnar til náms. Þar lenti ég í klípu með málverkið og gat ekki málað í eitt ár, fékk leið á þessu. Það er víst algengt að menn fái tappa. Ég man t.d. eftir því þegar Kjarval kom eitt sinn til afa míns og sagði honum að hönd sín léti ekki að stjörn.

Það var hins vegar fremur hans máti að lýsa þessu ástandi þannig, sérvitur, en maður hefði nú haldið að hann ætti auðveldara með að vera laus við allar teppur en flestir aðrir, maður með slíka hæfileika.



Ljós. Friðþjófur

POKINN MEÐ
SLÁTURFÉLAGSMERKINU

Ég byrjaði svo í Kaupmannahöfn

að vinna þetta pappírsmál. Það virðist henta mér mjög vel, gefur meiri möguleika en flest til að brjóta upp hreinan formheim. Þó kemur þetta stundum dáfitt kynlega fyrir. Ég hef verið að nota allskonar bleðla í myndirnar mínar, en einu sinni átti ég ekkert nema poka með merki Sláturfélagsins SS, og ég setti þetta merki í eina mynd og síðan hverja af annarri, því mér fannst það skemmtilegt og gefa marga möguleika. Á hvolfi er það t.d. eins og mannsandlit.

Kuningi minn sem kemur oft til mín og situr hjá mér við vinnuna, spurði mig strax hvers vegna ég hefði sett SS í myndina. Þetta eru einkennileg viðbrögð hvað margir hafa spurt að því sama, aðeins því. Þetta virðist því vekja athygli fólks, en ég veit ekki af hverju.

KLIPPYNDALISTIN
ER HUNDGÖMUL

Þú spurðir áðan hve klippimynda-
listin sé gömul. Hún er hundgömul.
Listspjallið í dag telur hana vera

síðan um 1912, en hún er örugglega miklu eldri, mörg þúsund ára gömul. En menn þekkja hins vegar ákveðna þróun síðan um aldamótin og þá er það víst sjálfsgöð viðmiðun. Síðan þá hafa ýmsir mætir listmálarar fíkað við þetta af og til, fyrrum var þetta oft unnið mun hlutbundnari hátt en nú orðið. Margt konar klippibútar mynduðu að lokum reglulegt borð og svo framvegis, en líklega er þjóðverjinn Karl Schwitters sá frægasti á þessu sviði. Þegar poppið kom til sögunnar varð hann tengiliður þessarar listar við það.

SJÁLFRUR HEF ÉG
LÚMSKT GAMAN

Sjálfur ætla ég að halda áfram á þessari braut, stóru flekarnir á sýningunni eru það nýja og ég er miklu hressari yfir þeim. Vinnuá-
stöðu hef ég ágæta, en fremur litla sölumöguleika. Á fólk almennt virka þessar myndir sem dálitil hrávinna, það á ekki að venjast þessu. Ég er ekki frá því að þetta hefði litið betur út ef ég hefði haft efni á að setja gler á myndirnar. Þá hverfa allar hrukkur og þetta verður samfelldara. Sjálfur Framhald á bls. 25

listasprang



Eftir
Arna Johnsen

MUNIÐ ÚTSÝNARKVÖLDIÐ Á HÓTEL SÖGU Í KVÖLD

Með
ÚTSÝN

Vikuferðir til
LONDON
Brottför alla laugar-
daga og þriðjudaga
árið um kring
Verð frá
kr. 44.900.—
Helgarferðir til
GLASGOW
Brottför alla föstu-
daga til áramóta
Verð frá
kr. 35.900.—



Ógleymanlegar
jónaferðir
til
fjarlægra
landa:

Kenya

brottför 16. des.
3 vikur.

Bangkok

brottför 21. des.
2 vikur.

Sumar-
sól
um hávetur

GRÍPIÐ
TÆKIFÆRIÐ
Lægra verð og betra vedur í
nóvember og fyrri hluta desember

Laus sæti 18. nóv. 3 vikur
Verð frá kr. 65.500.—
Verð frá 2. des. 2 vikur
Verð frá
kr. 57.300.—

Ferðaskrifstofan
ÚTSÝN

Ferðaskrifstofan
ÚTSÝN